



Minnisblað vegna málefna Félagsmiðstöðvarinnar

Félagsstarf ungmenna í Langanesbyggð hefur verið með ýmsu móti í gegnum tíðina. Ákveðin tímamót urðu í málefni félagsstarfs ungmenna á Þórshöfn árið 1999 þegar íþróttamiðstöðin var byggð útbúin var félagsmiðstöð á efstu hæð hússins, 60fm salur með sviði og hljóðrými en rýmið var sérstaklega hannað sem félagsmiðstöð.

Félagsstarfið var þar næstu áratugi en samskiptaörðuleikar milli ungmenna og þáverandi forstöðumanns íþróttamiðstöðvar auk vöntunar á húsnæði fyrir bókasafnið varð til þess að árið 2009 fór bókasafnið í félagsmiðstöðina í íþróttamiðstöðinni og starfsemin alfarið flutt á efri hæð lögreglustöðvarinnar og fékk nafnið Svartholið.

Fyrir hátt í 15 árum síðan var efri hæð lögreglustöðvarinnar seld og hafa félagsmiðstöðvarmál verið í ólestri síðan þá. Starfsemin var að hluta til flutt á efri hæð félagsheimilisins á 30fm háalofti en síðustu 5 ár hefur hópurninn sem sækir félagsstarf félagsmiðstöðvarinnar verið það stór að ekki hefur verið pláss fyrir starfsemina í þar. Því hafa börnin ýmist verið í íþróttasalnum 1-2 sinnum í viku með sína félagsstarfsemi.

Síðan starfsemin flutti úr húsnæði lögreglustöðvarinnar hefur sveitarstjórn fengið þrjár áskoranir frá starfsmönnum félagsmiðstöðvar og ungmennunum þess efnis að leysa húsnæðisvanda félagsmiðstöðvarinnar. Fulltrúar ungmennaráðs hafa einnig komið á fund Byggðaráðs ásamt starfsmönnum félagsmiðstöðvar þar sem málið var reifað og krafist var aðgerða að hálfu sveitarfélagsins þar sem Félagsmiðstöðin hafi fengið gefins húsgöng og afþreyingartæki en þessar gjafir eru ónotaðar í geymslum víðs vegar um sveitarfélagið þar sem enn hefur ekki tekist að finna varanlegt húsnæði fyrir félagsmiðstöðina.

Haustið 2024 var stofnaður starfshópur til að vinna að því að finna lausn í þessum málum. Starfshópurinn skipaði:

- Hilma Steinarsdóttir, skólastjóri.
- Líney Sigurðardóttir, bókasafnvörður.
- Sigurbjörn V. Friðgeirsson, forstöðumaður íþróttamiðstöðvar.
- Hólmfríður Katrín Jónsdóttir, fulltrúi nemenda/ungmennaráðs.
- Sigríður Friðný Halldórsdóttir, formaður velferðar- og fræðslunefndar.
- Björn S. Lárusson, sveitarstjóri.

Vinnuhópurinn hélt nokkra fundi þar sem ýmsir möguleikar voru ræddir. Komist var að þeirri niðurstöðu að besti möguleikinn væri að bókasafninu yrði fundinn nýr staður og börnin myndu endurheimta félagsmiðstöðina aftur í íþróttamiðstöðinni.

Vinna hófst við að skoða lausnir í húsnæðismálum bókasafns. Velt var upp hvort bókasafn gæti farið í bílskúr eða á efri hæð Kistunnar en þar kom inn í aðgangsmál og ekki nægjanlega stór rými. Rætt var um að færa bókasafn á Bakkafjörð eða inn á Svalbarð en talið var að farsælast væri að hafa þessa þjónustu á Þórshöfn. Rætt var um möguleg kaup á húsnæði en þar sem þær hugmyndir voru enn óljósar og ekki í nánustu framtíð var ákveðið að stóla ekki á þá lausn. Því næst kom til tals að flytja bókasafnið í bílskúr í húsnæði Félags eldri borgara gegn samþykki

þeirra og að skólinn myndi hýsa allar barnabækur innan skólans. Starfsmaður eldri borgara, Hildur, ásamt formanni félagsins, Jóni Gíslasyni, voru boðuð á fund stýrihópsins ásamt oddvita þar sem rætt var um möguleikann að fá bílskúrinn tímabundið undir starfsemi bókasafnsins.

Vel var tekið í erindið á fundinum þar sem lítil nýting væri á bílskúrnum og möguleiki væri að færa þau fáu tæki sem þar væru í annað rými innan húsnæðisins. Næsta skref var þá að eiga samtali við félagana. Illa gekk að boða til fundar vegna veður og þegar fundur var haldinn var einungis sveitarstjóri boðaður á þann fund. Sveitarstjóri fór í stuttu máli yfir aðdraganda þessarar hugmyndar. Ýmsar umræður komu upp á fundinum, meðal annars að bílskúrinn rúmaði ekki allar bækurnar og myndu taka allt húsnæði eldri borgara, áhyggjur yfir því að dót sem er nú geymt í bílskúr yrði hent og að í raun vildu nemendur ekki rýmið í íþróttahúsinu. Gengið var til kosninga hjá eldri borgurum sem höfnuðu því að láta bílskúrinn tímabundið í starfsemi bókasafns.

Því erum við enn og aftur komin á byrjunarreit hvað varðar húsnæðismál félagsmiðstöðvar ungmenna.

Sigríður Friðný Halldórsdóttir
Formaður velferðar- og fræðslunefndar
Tekið saman 10. febrúar 2025